

Nr. 6

8. janúar 2009

**REGLUGERÐ
um breyting á reglugerð um skotelda, nr. 952/2003,
með síðari breytingum.**

1. gr.

1. málsgrein 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Almenn notkun og sala á skoteldum til almennings er óheimil nema á tímabilinu 28. desember til 6. janúar, að báðum dögum meðtöldum, nema á skoteldum í flokki 1 sem má nota allt árið. Smá-sala annarra skotelda er aðeins heimil á viðurkenndum sölustöðum. Í sérstökum tilvikum, og að fenginni rökstuddri tillögu þar um, er þó löggreglustjóra heimilt að leyfa almenna notkun og sölu á skoteldum í einn dag á tímabilinu eftir þrettánda dag jóla og fram að sunnudegi þar á eftir.

2. gr.

3. mgr. 24. gr. orðast svo:

Smásöluleyfi má aðeins veita fyrir það tímabil sem tilgreint er í 1. mgr. 2. gr., og skulu umsóknir um slík leyfi berast löggreglustjóra a.m.k. 4 vikum fyrir áætlað sölutímabil. Þessi tíma-frestur gildir þó ekki þegar sótt er um viðbót við leyfi sem þegar hefur verið veitt, sbr. ákvæði 3. málsl. 1. mgr. 2. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 33. gr. og 39. gr. vopnalaga, nr. 16/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. janúar 2009.

Björn Bjarnason.

Ragna Árnadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2009